



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 1. apríl 2025
25032767/100.00 JVK

Efni: Svar við breytingartillögum vegna hagræðingartillagna bæjarstjóra

Breytingartillögur við hagræðingartillögur bæjarstjóra:

1. Lækka laun bæjarstjóra um 10%, áætlaður sparnaður á ársgrundvelli 3.000.000 kr.
2. Endurskoða upphæð akstursgreiðslna bæjarstjóra, kostnaður á ársgrundvelli er nú um 2.100.000 kr.
3. Gera tillögu til stjórnar slökkviliðsins þess efnis að hætt verði að greiða fyrir stjórnarsetu í slökkviliði höfuðborgarsvæðisins. Áætlaður sparnaður fyrir Kópavogsbæ á ársgrundvelli um 3.000.000. kr.
4. Lækka álag fyrir formennsku í nefndum og ráðum sem og fyrir forseta bæjarstjórnar niður í 20% álag, áætlaður sparnaður á ársgrundvelli 4.000.000 kr.
5. Fresta byggingu stúku fyrir HK og endurskoða þarfagreiningu í nánu samstarfi við HK.
6. Kalla eftir hagræðingartillögum frá almenningi í tengslum við næstu fjárhagsáætlunargerð.

1. Bæjarstjórnnum er skylt samkvæmt sveitarstjórnarlögum að ákveða bæjarstjórnar-fulltrúum hæfilega þóknun fyrir störf sín. Þá er það sérstaklega tekið fram að bæjarstjórnarfulltrúa sé óheimilt að afsala sér þeirri þóknun. Ráðningarsamningur bæjarstjóra gengur í berhöggi við sveitarstjórnarlögin hvað þetta varðar. Á þeim forsendum liggur fyrir tillaga um að skipta upp launum bæjarstjóra í annars vegar laun fyrir störf sem bæjarstjóri og hins vegar í þóknun fyrir störf sem fulltrúi í bæjarstjórn.

Hvað varðar laun bæjarstjóra er lagt til að þau fylgi þróun launa lykil stjórnenda hjá Kópavogsbæ og verði sú þróun fryst út yfirstandandi ár. Frá árinu 2026 muni laun bæjarstjóra og lykil stjórnenda taka breytingum í samræmi við þróun þingfararkaups 1. júlí ár hvert.

Hvað varðar þóknun bæjarstjóra sem fulltrúa í bæjarstjórn er lagt til að bæjarstjóri, sem aðrir fulltrúar í bæjarstjórn, taki á sig launalækkun í formi lækkaðs starfshlutfalls. Þannig er lagt til að starfshlutfall bæjarfulltrúa lækki um 10% og verði 25,25%.

Bæjarstjóri tekur því sömu lækkun þóknunar og aðrir fulltrúar í bæjarstjórn.

Bæjarstjóri gegnir viðamiklu hlutverki og ábyrgðin er mikil. Samfara því sem Kópavogsbær er ört stækkandi bæjarfélag er ekki talið æskilegt að svo stöddu að laun bæjarstjóri lækki umfram þá verðmætisrýrnun sem verður við frystingu launaþróunar og lækkunar þóknunar fyrir störf í bæjarstjórn sem aðrir kjörnir fulltrúar eru að taka á sig.

2. Samkvæmt ráðningarsamningi við bæjarstjóra er gert ráð fyrir ökutækjastyrk þar sem bæjarstjóri ekur á eigin bíl í sínum störfum. Endurskoðun á akstursgreiðslum þarf að setja í samhengi við slíkt. Kópavogsbær hefur greitt fyrir akstur bæjarstjóra frá árinu 2011.



3. Bæjarstjórn Kópavogsvogs tekur ekki ákvarðanir um laun stjórnarmanna í Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins (SHS). Minnihlutunum er bent á að vísa þessari tillögu til SHS.

4. Í töflu hér að neðan má sjá samanburð á álagi við að gegna stöðu forseta og formanns í ráðum og nefndum. Líkt og sést í þessum samanburði er álagið almennt svipað í Kópavogi en tíðkast í samanburðar sveitarfélögum, jafnvel dæmi um að álagið sé talvert hærri í einstökum sveitarfélögum - þrátt fyrir að Kópavogsbær er stærsta sveitarfélagið í þessum samanburði. Almennt helst það í hendur að því stærri sem sveitarfélög eru því umfangsmeiri eru verkefnin og nefndarmenn því fleiri. Í ljósi þessa má færa rök fyrir því að álag við að gegna stöðu forseta og formanns í ráðum og nefndum hjá Kópavogsbæ ætti að vera hærri en hjá öðrum minni sveitarfélögum. Tillaga bæjarstjóri byggir hins vegar á óbreyttu álagi.

Álag á laun forseta og formanna, miðað við laun aðalmanna í bæjarstjórn, ráðum og nefndum:

	Íbúar 2024	Forseti	Bæjarráð	Ráð	Nefndir
Kópavogur	40.040	53%	50%	50%	50%
Hafnarfjörður	31.525	50%	50%	50%	50%
Garðabær	20.116	65%	55%	36%	36%
Akureyri	20.050	50%	56%	263%	263%
Mosfellsbær	13.715	49%	46%	96%	96%

5. Viljayfirlýsing vegna stúkumannvirkis við Kórinn var undirritað 2013 og því löngu tímabært að Kópavogsbær standi við þær væntingar sem íbúar hafa haft frá þeim tíma. Með nýrri stúku og keppnisvelli lýkur mikilvægri uppbyggingu á heildstæðu íþróttasvæði við Kórinn til hagsbóta fyrir Kópavogsbúa. Nýtt hverfi er að rísa í efri byggðum og frekari uppbygging framundan, því er ljóst að iðkendum HK mun fjölga hratt á næstu árum og mikilvægt að innviðir mæti þörfum íbúa.

Undirbúningsferlið tekur tíma og mikilvægt að vanda til verka enda miklum fjármunum varið í verkefnið. Á öllum stigum hefur verið gætt að hagsmunum íbúa og bæjarsjóðs ásamt því sem samráð hefur verið haft við HK og byggir frumhönnun meðal annars á þarfagreiningu félagsins.

Áfram verður gott samráð við félagið og hefur bæjarstjóri fundað með forsvarsmönnum um næstu skref nú þegar forhönnun liggur fyrir. Þá hefur bæjarstjóri jafnframt skrifað bréf til aðalstjórnar HK þar sem farið er yfir skipulagsferlið og hvernig samráð verður haft við félagið áfram, hér má lesa [bréf bæjarstjóra](#).

Næsta skref í verkefninu er að hefja vinnu við for- og verkhönnun áður en framkvæmdir geta hafist. Í fjárhagsáætlun hefur þegar verið gert ráð fyrir þessum framkvæmdum og gerum við ráð fyrir að framkvæmdir hefjist síðar á þessu ári að öðru óbreyttu.

Sú uppbygging sem er fyrirhuguð er nauðsynleg fyrir efri byggðir Kópavogs og samræmi við stefnu bæjarins. Kópavogsbær hefur ávallt stutt vel við íþróttafélög í bænum og engin áform um breytingar þar á.

6. Viðbótar kostnaði vegna kjarasamninga kennarar hefur verið mætt með tillögum bæjarstjóra. Ekki er því þörf á að kalla eftir hugmyndum frá bæjarbúum um hagræðingar. Hugmynd minnihlutans er hins vegar ágæt og má mögulega skoða í tengslum við fjárhagsáætlunarvinnu fyrir árið 2026.



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Í ljósi rökstuðnings hér að ofan er lagt til að tillaga við lið 1-5 verði ekki samþykkt. Lagt er til að tillögu 6 verði vísað áfram til fjárhagsáætlunarvinnu 2026.

Virðingarfyllst,

Ásdís Kristjánsdóttir
bæjarstjóri

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

